

159. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 25 . mars 2013, kl. 20:00 , á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Hinrik Hjartarson, Lára Gunnarsdóttir, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Auk þess sat fundinn Bjarnfríður Vilhjálmsson sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Austurgata 5, kvistur.
Kristján Lárentínsson sækir um að byggja kvist á suðurhlíð hússins við Austurgötu 5, samkvæmt teikningum frá Ragnari Má Ragnarsyni /Plan teiknistofu dags. 6.03. 2013.
Erindi samþykkt.
2. Aðalgata 1, endurnýja tvo birgða kjallaraglugga.
Ingibjörg Ágústsdóttir sækir um að opna út tvo kjallaraglugga sem hafa verið birgðir með vikublokkum í áraraðir, sbr. tölvupóst dags. 18.02. 2013. Samþykki Minjastofnunar Íslands / Kristínu Huld Sigurðardóttur liggur fyrir, bréf dags. 19.02.2013.
Erindi samþykkt.
3. Silfurgata 15, stækkun á geymsluskúr bílastæði og lóðarmál.
Þorsteinn Kúld sækir um að stækka skúr að lóðarmörkum aðliggjandi lóða og gera bílastæði með því að lækka lóð sbr. erindi dags. 4.03.2013.
Tekið er jákvætt í erindið að uppfylltum skilyrðum.
4. Nestún 2, garðskúr.
Guðmundur Kolbeinn Björnsson sækir um að byggja garðskúr við endann á bílskúr við lóðarmörk, sbr. meðfylgjandi gögn dags. 25.03.2013.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
5. Silfurgata 11, svalir.
Hjörleifur Sigurþórsson sækir um f.h. Dagbjörtu Höskuldsdóttur að byggja svalir við suðurgafli hússins og setja svalahurð sbr. teikningu frá Ónyx ehf / Brynjari Daníelssyni, dags. mars 2013.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
6. Hafnargata 3 (ráðhúsið), brunahólfun á stigahúsi.
Sótt er um leyfi til að brunahólfa af stigahús Hafnargötu 3, sbr. teikningar frá Ónyx ehf/ Brynjari Daníelssyni dags. janúar 2013.
Erindi samþykkt.

Hinrik vék af fundi við 7. lið.

7. Stöðuleyfi, pylsuvagn.

Óskar Hjartarson sækir um f.h. Meistarann, um stöðuleyfi fyrir pylsuvagn staðsettan við Hólmgarð. Óskað er eftir að leyfið gildi frá 1. maí til 1. september.

Erindi samþykkt.

8. Samráðsfundur Skipulagsstofnunnar með sveitarfélögum haldinn 11. og 12. apríl 2013.

Bréf lagt fram.

9. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 21:00.

B.V.